

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur á Brjánslæk (4601) og ein í Króksfjarðarnesi (4501)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/044


Desember 2013

Inngangur


Í þessari greinargerð eru upplýsingar um borholur á Brjánslæk í Barðastrandarhreppi hinum forna og um eina nýboraða í Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi hinum forna. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar og staðsetningar þeirra eru sýndar á 1. og 2. mynd.

1. tafla. Upplýsingar um borholur á Brjánslæk og í Króksfjarðarnesi.

Staðarnr.	Nr. holu	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
36141	BK-01	Brjánslækur	73	1999	65° 31.530	23° 12.037
36142	BK-02	Brjánslækur	73	1999	65° 31.605	23° 12.084
36143	BK-03	Brjánslækur	73	1999	65° 31.692	23° 11.946
36144	BK-04	Brjánslækur	60	2013	65° 32.182	23° 11.793
36145	BK-05	Bjánslækur	60	2013	65° 31.863	23° 12.231
36146	BK-06	Brjánslækur - Seftjörn	60	2013	65° 30.902	23° 12.387
36147	BK-07	Brjánslækur - Seftjörn	60	2013	65° 30.884	23° 12.396
36161	KN-01	Króksfjarðarnes	60	2013	65° 27.183	21° 56.301



1. mynd. Staðsetning borholna á Brjánslæk.



2. mynd. Staðsetning borholu KN-01 í Króksfjarðarnesi.

BK-01 - Brjánslækur

Borhola BK-01 á Brjánslæk er á norðurbakka Lækjarár gegnt kirkjunni. Hún er skammt frá lítilli tóft sem þar er. Hún fannst ekki vegna snjóá (3. mynd).



3. mynd. Borhola BK-01 er í grennd við tóftina sem er vinstra megin á myndinni.

BK-02 - Brjánslækur

Borhola BK-02 á Brjánslæk er norðan við vegslóðann norðan Lækjarár. Holan er í vegkantinum en sunnan við vegslóðann gegnt holunni er brunnur úr bárujárni sem sést langt að. Holan er um 140 metrum norðan við holu BK-01. Holan er með tappa og í góðu ástandi (4. mynd).



4. mynd. Borhola BK-02. Brjánslækjarkirkja í baksýn.

BK-03 - Brjánslækur

Borhola BK-03 á Brjánslæk er í túninu um 150 metra sunnan við Flakkarann sem er veitingasala í byggingu sem stendur ein og sér ofan við þjóðveginn gegnt höfninni. Holan er um 200 metra norðaustan við holu BK-02. Holan er með tappa og í góðu ástandi (5. mynd).



5. mynd. Borhola BK-03. Brjánslækjarkirkja í baksýn.

BK-04 - Brjánslækur

Borhola BK-04 á Brjánslæk er efst í lengsta tanganum norðan við höfnina. Holan er um 725 metra norðan við höfnina. Holan er nýboruð og í góðu ástandi (6., 7. og 8. mynd).



6. mynd. Borhola BK-04 á Brjánslæk.




7. mynd. Borhola BK-04 á Brjánslæk. Höfnin í baksýn.



8. mynd. Borhola BK-04 á Brjánslæk.

BK-05 - Brjánslækur

Borhola BK-05 er efst í malarnámu vestan við Þjóðveginn. Holan er um 400 metra norðvestan við höfnina. Hún er nýborðuð og í góðu ástandi (9. og 10. mynd).



9. mynd. Borhola BK-05.




10. mynd. Borhola BK-05.

BK-06 - Brjánslækur

Borhola BK-06 er í þeim hluta Brjánslækjar sem fylgir Seftjörn. Holan er efst í túni við gil í austurhlíð fjallsins Blanks. Þessi staður er um 1,1 km norðvestur af Brjánslækjarkirkju. Moshlíðará kemur úr gílinu. Holan er upp við girðinguna nyrst og efst í túninu. Holan er nýboruð og í góðu ástandi (11. og 12. mynd).



11. mynd. Borinn Landráður að bora holu BK-06 á Brjánslæk.



12. mynd. Borhola BK-06 á Brjánslæk. Hola BK-07 í baksýn.

BK-07 - Brjánslækur

Borhola BK-07 á Brjánslæk er vestan við gilið og gegnt holu BK-06 og eru um 35 metrar á milli þeirra. Holan er nýboruð og í góðu ástandi (13. og 14. mynd).



13. mynd. Borun holu BK-07 stendur yfir. Borhola BK-06 í forgrunni.



14. mynd. Borhola BK-07.

KN-01 - Króksfjarðarnes

Borhola KN-01 í Króksfjarðarnesi er skammt suður af kaupfélagshúsunum. Hún er sunnan við læk sem rennur niður sunnanvert við húsin. Holan er á lítilli grunn d við fjöruna. Holan er nýboruð og í góðu ástandi (15. mynd).



15. mynd. Borhola KN-01 í Króksfjarðarnesi.